

**Úthlutunarnefnd losunarheimilda**  
**skv. lögum um losun gróðurhúsalofttegunda**  
**nr. 65/2007**

**Greinargerð til umhverfisráðherra vegna 2. ákvörðunar úthlutunarnefndar**  
**losunarheimilda um úthlutunaráætlun vegna tímabilsins 1. janúar 2008 - 31. desember**  
**2012**

Úthlutunarnefnd losunarheimilda var skipuð af umhverfisráðherra með bréfi dagsettu 11. maí 2007 í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga um losun gróðurhúsalofttegunda, nr. 65/2007. Í nefndinni eiga nú sæti Sveinn Þorgrímsson, formaður, iðnaðarráðuneyti, Sigríður Auður Arnardóttir, umhverfisráðuneyti og Angantýr Einarsson, fjármálaráðuneyti.

Nefndinni ber að gefa út áætlun um úthlutun losunarheimilda til atvinnureksturs vegna tímabilsins 1. janúar 2008 til 31. desember 2012. Í áætluninni skal tekið fram hversu mörgum losunarheimildum er fyrirhugað að úthluta til hvers atvinnureksturs. Er áætlunin bindandi hvað varðar úthlutun til atvinnureksturs nema hvað heimilt er að skerða losunarheimildir til atvinnureksturs sem fengið hefur vilyrði um úthlutun í áætlun ef breytingar hafa orðið í rekstri þess sem hafa orðið þess valdandi að starfsemi eða losun frá henni sé minni en gert var ráð fyrir við útgáfu áætlunarinnar.

Alls hafði nefndin 10.500.000 losunarheimildir til úthlutunar vegna tímabilsins 1. janúar 2008 til 31. desember 2012. Þar af eru 8.000.000 losunarheimilda sem þurfa að fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru fram í ákvörðun 14/CP.7. við Kyoto bókunina. Til að falla undir ákvörðunina þarf koldíoxíðústreymi frá nýrri stóriðju eða stækkun stóriðjuvers (e: *single project*) eftir 1990 að leiða til meira en 5% aukningar í ústreymi á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar (2008–2012) en það er u.þ.b. 108.000 tonn koldíoxíðs á ári. Einnig er gerð krafa um að notkun endurnýjanlegrar orku leiði til samdráttar í ústreymi, að besta fínanlega tækni sé notuð og að bestu umhverfisverndaraðgerðir séu viðhafðar við framleiðsluna.

Skv. 2. mgr. 7. gr. laga um losun gróðurhúsalofttegunda er staðbundinni iðnaðarframleiðslu, sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega og staðbundinni orkuframleiðslu með brennslu jarðefnaeldsneytis, sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega, óheimilt að starfa á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012 nema hún afli sér losunarheimilda eða leggi fram áætlun um hvernig slíkra heimilda verði aflað.

Fyrsta úthlutun úthlutunarnefndar losunarheimilda var lögð fram með greinargerð til umhverfisráðherra 27. september 2007. Alls úthlutaði nefndin þá 8.633.105 losunarheimildum til 5 fyrirtækja. Aðeins var úthlutað til starfandi atvinnureksturs og miðað var við áætlað umfang starfsemi fyrirtækjanna á árinu 2008. Að mati nefndarinnar voru þá ekki forsendur fyrir úthlutun til umsækjenda sem ekki voru starfandi þar sem mikil óvissa ríkti um stöðu þeirra t.d. varðandi orkuöflun, niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum, útgáfu starfsleyfis og skipulagsforsendur. Þau fjögur fyrirtæki sem höfðu í hyggju að hefja starfsemi á árunum 2008-2012 fengu því ekki úthlutað losunarheimildum. Ákvað úthlutunarnefndin að setja umsóknir þeirra í biðstöðu auk

stækkunaráform starfandi fyrirtækja en engum þeirra var hafnað. Taldi nefndin að taka ætti umsóknirnar fyrir að nýju 2008 þegar framtíðaráform þeirra hefðu skýrst.

Þann 3. júní 2008 auglýsti úthlunarnefnd losunarheimilda eftir umsóknum um losun gróðurhúsalofttegunda frá starfandi atvinnurekstri sem áætlaði að auka framleiðslu og frá atvinnurekstri sem ekki var hafinn en hafði í hyggju að hefja nýja starfsemi. Frestur til að skila nýjum umsóknum og viðbótarupplýsingum vegna fyrri umsókna var 1. júlí 2008. Alls bárust Umhverfisstofnun 3 nýjar umsóknir, en 4 umsóknir lágu fyrir í nefndinni á grundvelli auglýsingar 2007. Úthlunarnefndinni ber því við úthlutun þessa að taka afstöðu til 7 umsókna þar sem heildarfjöldi losunarheimilda sem sótt er um nemur 3.863.393 heimildum, sbr. eftirfarandi tafla.

<b>Fyrirtæki (fullnýtt framleiðslugeta eða -aukning tonn/ári)</b>	<b>Losunarheimildir samtals</b>
RioTinto Alcan í Straumsvík (aukning um 47.000 t/ári)	152.255
RioTinto Alcan í Straumsvík 2 (aukning um 277.000 t/ári)	945.565
RioTinto Alcan í Þorlákshöfn (nýtt álver 400.000 t/ári)	936.585
Norðurál í Helguvík (nýtt álver, fyrri áfangi 150.000 t/ári)	539.000
Alcoa Fjarðaál (aukning um 34.000 t/ári)	203.200
Alcoa á Bakka við Húsavík (nýtt álver 250.000 t/ári)	366.788
Tomahawk Development í Helguvík (ný framl. 50.000 t/ári)	720.000
<b>Samtals</b>	<b>3.863.393</b>

Í samræmi við 3. mgr. 8. gr. laga um losun gróðurhúsalofttegunda ber Umhverfisstofnun að fara yfir umsóknir um úthlutun losunarheimilda og framsenda til úthlunarnefndar ásamt umsögn stofnunarinnar um hvort umsóknir uppfylli skilyrði 1. og 2. mgr. 8. gr. sömu laga. Í umsögn Umhverfisstofnunarinnar til nefndarinnar frá 4. september sl. kemur fram að hún telur allar nýju umsóknirnar uppfylla framangreind skilyrði laganna. Úthlunarnefndin átti fundi með fulltrúum umsækjenda þar sem leitað var skýringa á einstökum atriðum í umsóknum þeirra og óskað eftir að þær væru sendar nefndinni. Auk þess óskaði nefndin eftir frekari upplýsingum frá nokkrum umsækjendum m.a. varðandi eldri umsóknir þeirra.

#### **Niðurstöður**

Úthlunarnefnd losunarheimilda hefur nú samtals til umráða 1.866.895 losunarheimildir. Þar af eru 1.804.880 heimildir sem fullnægja skilyrðum ákvörðunar 14/CP.7. Eins og komið hefur fram er sótt um 3.863.395 heimildir sem fullnægja þeim skilyrðum. Umsóknir um losunarheimildir fyrir tímabilið 2008-2012 eru því samanlagt meiri en nefndin hefur til umráða.

Ákvæði 2. mgr. 11. gr. laga um losun gróðurhúsalofttegunda á því við um úthlutun nefndarinnar. Samkvæmt ákvæðinu ber fyrst að úthluta til þess atvinnureksturs sem hafið hefur starfsemi áður en fyrsta skuldbindingartímabil hefst 1. janúar 2008. Því sem þá verður eftir til ráðstöfunar skal úthluta til annarra umsækjenda sem hyggjast hefja starfsemi eða auka starfsemi eftir 1. janúar 2008. Umsækjendur sem þegar hafa starfsleyfi og/eða eru komnir langt í undirbúningi framkvæmda skulu njóta forgangs við ákvörðun um úthlutun losunarheimilda í áætlun úthlunarnefndar umfram aðra sem skemmra eru komnir í undirbúningi.

Þær umsóknir sem bárust úthlutunarnefndinni varða fyrirhugaða nýja starfsemi eða aukningu á starfsemi sem fyrir er. Við ákvörðun nefndarinnar er því horft til þess hversu langt í undirbúningi framkvæmda viðkomandi fyrirtæki eru komin þegar úthlutun á sér stað og hvort viðkomandi starfsemi muni hefjast á skuldbingartímabilinu 2008-2012. Úthlutað er af heimildum skv. ákvörðun 14/CP.7. við Kyótó bókunina.

Niðurstöður úthlutunarnefndarinnar eru birtar í eftirfarandi áætlun um úthlutanir heimilda á tímabilinu 2008-2012, sem í samantekt eru þannig:

RioTinto Alcan í Straumsvík	152.255 losunarheimildir
Norðurál í Helguvík	539.000 losunarheimildir
Alcoa Fjarðaál á Reyðarfirði	29.200 losunarheimildir
<b>Samtals</b>	<b>720.455 losunarheimildir</b>

Aðeins er úthlutað til atvinnureksturs sem hyggur á nýja framleiðslu eða aukna framleiðslu sem verður fyrir árslok 2012. Miðað við fyrirliggjandi gögn er ljóst að undirbúningur þessara framkvæmda er það langt á veg kominn að ekki þykir ástæða til að draga í efa að framleiðslan geti hafist á umræddu tímabili.

Að mati nefndarinnar eru ekki forsendur nú til að úthluta til þeirra fjögurra umsækjenda sem skemur eru komnir í undirbúningi þar sem óvissa er enn um stöðu þeirra t.d. varðandi orkuöflun, niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum, útgáfu starfsleyfis og skipulagsforsendur. Þau fyrirtæki sem hér um ræðir og tilgreind eru í töflu yfir umsækjendur fá því ekki úthlutað losunarheimildum að þessu sinni. Staða þessara fyrirtækja hefur lítið breyst á milli ára og er umsóknum þeirra því hafnað. Nefndin hyggst auglýsa losunarheimildir til umsóknar á næsta ári og gefst þessum fyrirtækjum og öðrum þá tækifæri til að senda inn nýjar umsóknir. Þá verða eftir til ráðstöfunar 1.084.425 losunarheimildir skv. ákvörðun 14/CP.7. við Kyótó bókunina auk 62.015 almennra losunarheimilda.

Úthlutun losunarheimilda til atvinnureksturs byggir í meginatriðum á eftirfarandi:

Alcan í Straumsvík fær úthlutað 152.225 losunarheimildum til aukinnar framleiðslu sem verður við straumhækkun í núverandi kerskálum fyrirtækisins. Undirbúningur fyrir framleiðsluaukninguna er á lokastigi. Starfsleyfi fyrirtækisins heimilur framleiðslu á 460.000 tonnum af áli á ári og liggur því fyrir starfsleyfi fyrir framleiðsluaukningunni sem áætlað er að hefjist á þessu ári.


Norðurál í Helguvík fær úthlutað 539.000 losunarheimildum vegna nýs álvers í Helguvík. Um er að ræða fyrri áfanga með framleiðslugetu allt að 150.000 tonnum á ári. Fyrirtækið hefur fengið starfsleyfi fyrir umræddri iðnaðarstarfsemi sem áætlað er að hefjist á árinu 2010.


Alcoa Fjarðaál fær úthlutað 29.200 losunarheimildum til aukinnar framleiðslu sem verður við straumhækkun í kerskálum fyrirtækisins. Ekki liggur fyrir starfsleyfi vegna framleiðsluaukningarinnar, en fyrirtækið áformar að auka framleiðsluna þegar á næsta ári. Úthlutunarnefndin telur rétt að úthluta fyrirtækinu lágmarks losunarheimildum sem miða við áform þess um framleiðsluaukningu á næsta ári, enda fáist tilskyldar heimildir til þess. Alcoa Fjarðaáli er því úthlutað losunarheimildum sem svara til 5.000 tonna aukningar í ársframleiðslu á


árinu 2009. Fyrirtækið getur óskað eftir frekari losunarheimildum á næsta ári þegar úthlutað verður að nýju.

Reykjavík, 30. september 2008

Úthlutunarnefnd losunarheimilda

  
Sveinn Þorgrímsson, formaður

  
Angantýr Einarsson

  
Sigurður Auður Arnardóttir

Meðfylgjandi er :

Viðauki I: Viðbætur við úthlutunaráætlun úthlutunarnefndar losunarheimilda frá 27. september 2007.

**Viðauki I: Viðbætur við úthlutunaráætlun úthlutunarnefndar losunarheimilda frá 27. september 2007.**

Losunarheimildir á ári:

Fyrirtæki	2008	2009	2010	2011	2012	Samtals heimildir
Alcan Straumsvík	1.866	9.388	24.433	47.001	69.568	152.256
Norðurál Helguvík			77.000	231.000	231.000	539.000
Alcoa Fjarðaál		7.300	7.300	7.300	7.300	29.200